SAMKOMULAG UM SAMSTARF

Aðilar að þessu samkomulagi eru:

Matís ohf., kt. 670906-0190, Vínlandsleið 12, 113 Reykjavík
og
Stykkishólmsbær, kt. 620269-7009, Hafnargata 3, 340 Stykkishólmur

Stykkishólmsbær hefur metnað og áform um að sækja fram í atvinnumálum með sjálfbærri nýtingu þeirra tækifæra sem felast í svæðisbundnum auðlindum og hvetja til rannsókna og nýsköpunar í sveitafélaginu.

Matís er opinbert hlutafélag sem býr yfir mikilli þekkingu og getu til þess að vinna að rannsóknum og nýsköpun í matvælaframleiðslu.

Framangreindir aðilar gera með sér samkomulag um uppbyggingu samstarfs í sveitafélagi Stykkishólms með áherslu á fræðslu, nýsköpun, rannsóknir og atvinnuuppbyggingu innan sveitafélagsins. Aðilar samkomulagsins munu nýta styrkleika sína og innviði viðkomandi aðila eins og kostur er. Samkomulagið felur í sér að undirritaðir munu veita aðgang að aðstöðu og sérfræðingum hvors aðila á bestu mögulegu kjörum.

Stykkishólmsbær mun leitast við að:

- ….byggja upp eða styðja við uppbyggingu á aðstöðu fyrir frumkvöðla í Stykkishólmi
- ….veita aðgang að fjarvinnurými fyrir fyrirtæki og einstaklinga samstarfsins
- ….kynna starfsemi Matís á svæðinu
- ….auka þátttöku fyrirtækja og einstaklinga í nýsköpunar og þróunarvinnu

Báðir aðilar samkomulagsins munu leitast við að:

- ….veita ráðgjöf til frumkvöðla og fyrirtækja gegn umsaminni þóknun
- ….hvetja til samstarfs milli fyrirtækja
- ….hvetja til nýsköpunar og vöruþróunar innan fyrirtækja
- ….hvetja til rannsókna og samstarfs rannsóknaraðila við atvinnulífið á svæðinu
- ….vinna að uppbyggingu samstarfs við innlenda og erlenda háskóla og rannsóknarstofnanir

Matís mun leitast við að:

- ….leiðbeina fyrirtækjum og frumkvöðlum á svæðinu um styrkjaumsóknir
- ….miðla þekkingu með fundum og kynningum
- ….veita ráðgjöf og þjónustu til samstarfsaðila Stykkishólmsbæjar
- ….kynna fjarvinnuaðstöðu í Stykkishólmi þegar ráða á í störf án staðsetningar
- ….veita aðilum innan Stykkishólmsbæjar aðgang að matarsmiðju Matís í Reykjavík á umsömdu verði

Ljóst er að mikil gróska og uppbygging á sér stað á sviði sjálfbærrar matvælaframleiðslu í Stykkishólmsbæ. Er það markmið Stykkishólmsbæjar og Matís að styðja eftir megni við einstaklinga og fyrirtæki á svæðinu til verðmæta- og nýsköpunar í matvælaiðnaði, og þannig stuðla að aukinni hagsæld, fæðuöryggi, matvælaöryggi og bættri lýðheilsu fyrir íslenskt samfélag. Horfa þarf til staðbundinna innviða og auðlinda sem eru á svæðinu, m.a. í fyrirliggjandi atvinnufyrirtækjum, opinberum stofnunum, aðstöðu og mannauði auk þeirra sem felast í Breiðafirði og frekari nýtingu á heitu vatni á svæðinu. Sækja þarf fram með nýsköpun og þróun byggt á vísindalegum grunni til að efla núverandi atvinnustarfsemi og koma á fót nýrri atvinnustarfsemi, samanber t.d. áform um þangvinnslu.

Stefnt er að því að kynna árangur samkomulagsins á fundi Stykkishólmsbæjar.

Samkomulagi þessu geta aðilar sagt upp skriflega með sannanlegum hætti með 3 mánaðar fyrirvara.

Undirritun aðila samkomulagsins.

Stykkishólmi, 26. nóvember 2021

F.h. Matís ohf.

_____
Oddur M. Gunnarsson, forstjóri

F.h. Stykkishólmsbæjar

_____
Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri